

Alþingi
Erindi nr. P /30/250/
komudagur 23.5.2004

Borgarnesi 23. maí 2004

Hæstvirta sjávarútvegsnefnd
B.t. allra nefndarmanna

ERINDI: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

UMSÖGN:

Það fer jafnan svo, er menn standa frammi fyrir lögvernduðum dauðadómi sínum með einungis tvo valkosti; henging eða byssukúla í hjarta stað, að sálartrið fer á flókt og hugurinn hvarflar til baka, leitandi að grundvallar rökum þessara kringumstæðna.

Máttvana og í hamslausum kvíða, örlar á smá lífsneista og vonarglætu, ef kafað er í farteskinu nokkur misseri aftur í tímann, sem gætu orðið til varna eða málsbóta. Sýknun virðist ótæk og í óravíddum ljósvakans, meðan meirihluti löggjafans veðsetur sálu sína, til kaupa á stundar-æru atkvæða og glimmers í sjálfsæfisögu sína. Það verður ómyrkur dómur frá sagnfræðingum komandi kynslóða, varðandi s.l. tvo áratugi, hvað varðar lög og útfærslu á lögum, um stjórn fiskveiða. Sturlungaöldin verður hjóm eitt í samanburði við þau víg, sem yfir hafa dunið í skjóli “svokallaðrar verndunar”, þar sem engu er eyrt, hvorki umgengni á búsvæðum hafisins, búsvæðum fólksins í landinu, stjórnarskrá, eða almennum lögum þessa lands. Er ekki kominn tími til að staldra við og klífa á sjónarhól hreinnar skynsemi og jarða þessa aumkunarverðu sjálfumgleði, að við séum ábyrgastir, mestir og bestir í gjörvöllum heiminum. Látum þennan heimóttarskap og minnimáttarkennd víkja hið bráðasta, út í dýpstu Atlantsála, áður en í meiri forheimsku og óefni er komið.

Hvað varðar þetta óárans, ekkisens frumvarp, viljum við, Félag dagbátaeigenda, mótmæla kröftuglega og lítum svo á að þetta sé hótun og aðför að greininni og upphaf að endalokum handfæraveiða við Íslandsstrendur, ef þetta frumvarp nær fram að ganga.

Þann 19. apríl, s.l. sendum við inn umsögn til nefndarinnar, með athugasemdum, sem við stöndum fyllilega að baki og lítum svo á, að sé fyrsta skref til leiðréttingar á þeim taumlausa niðurskurði sem við höfum mátt þola og vitnum þar til umsagnar okkar, 15. apríl, s.l., einnig til nefndarinnar.

Í Hávamálum stendur “glík skulu gjöld gjöfum”. Með útgangspunkti í þessari fornu visku munum við í einfaldleika okkar og auðmýkt, býta í skjaldarrendurnar og þeysa fram til orustu með öllum tiltækum ráðum, ráðum sem við höfum ekki farið í grafgötur með, hvorki í ræðu né riti og endurspegladist einnig að hluta á ráðstefnu okkar í Borgarnesi, þann 15. mars 2003, “Um verndun búsvæða hafsins”.

Félag dagabátaeigenda hefur frá frumbersku að formlegri stofnun félagsins, ötullega safnað vísindalegum gögnum um umgengni mannkyns á auðlindum hafsins. Vökull fókus hefur verið á N-Atlantshafið, þá ekki hvað síst á landgrunnið umhverfis Ísland. Enda þótt að öflug hagsmunasamtök hafi lagt, oftsinnis, stein í götu okkar á miður skynsamlegan hátt, höldum við áfram, ótrauð, baráttu okkar undir kjörorðinu; “Barnið í dag er þjóðin á morgun”.

Erlend umhverfissamtök hafa ítrekað borið víurnar í gagnabanka okkar, sem aldrei hefur verið falur fram til þessa. Spurningar hafa óneitanlega vaknað, eftir því sem þrengist í hengingarólinni: Hverju er eiginlega að tapa??? Því lýsum við fullri ábyrgð á afleiðingum þessa frumvarps á ykkar hendur.

Markaðsleg framtíðarsýn, á okkar helstu markaðssvæðum, verður sú að fiskur veiddur á vistvænan hátt mun eiga greiðan aðgang hvarvetna, en fiskur sem aflað er í dragveiðarfæri mun sæta hefts aðgengis á mörkuðum hins vestræna heims.

Með vegsemd, skilningi og virðingu,
f.h. Félags dagabátaeigenda

Hermann Björn Haraldsson, sign.

Afrit: Sjávarútvegsráðherra, framkvæmdastjóri og formaður L.Í.Ú.